

**Sp. 603. Breytingartillögur [1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

1. Frá *Sigurði Ágústssyni*.  
Við 14. gr. A. IV. Nýr liður:  
Til endurbyggingar Búðakirkju á Snæfellsnesi ..... 30 000  
Til vara ..... 20 000
2. Frá *Gísla Guðmundssyni*.  
Við 14. gr. A. IV. Nýr liður:  
Til Garðskirkju í Kelduhverfi, byggingarstyrkur ..... 30 000
3. Frá *Haraldi Guðmundssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni*.  
Við 14. gr. B. XXVIII. (Alþýðusamband Íslands).  
Fyrir „50 000“ kemur ..... 100 000
4. Frá *Haraldi Guðmundssyni*.  
Við 15. gr. A. XXII. 1. (Leikfélag Reykjavíkur).  
Fyrir „30 000“ kemur ..... 50 000
5. Frá *Emil Jónssyni*.  
Við 15. gr. A. XXIV. 9. Nýr liður:  
Til lúðrasveitar Hafnarfjarðar, gegn jafnmiklu framlagi annars  
staðar að ..... 20 000  
Til vara ..... 10 000
6. Frá *Sigurði Ágústssyni*.  
Við 15. gr. XXIV. 9. Nýr liður:  
Til lúðrasveitar Stykkishólms, gegn að minnsta kosti jafnmiklu  
framlagi annars staðar að ..... 10 000
7. Frá *Emil Jónssyni*.
  - a. Við 16. gr. C. 1. (Landssamband iðnaðarmanna).  
Fyrir „100 000“ kemur ..... 150 000
  - b. Við 20. gr. Út X. (Vitar og vitavarðabústaðir).  
Fyrir „1 000 000“ kemur ..... 1 300 000
8. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.  
Við 20. gr. Út. XI. Liðurinn orðist svo:  
Til flugvallagerða ..... 1 820 000  
Þar af til stækkunar og endurbóta flugvallar í Vestmannaeyjum  
500 þús. kr.
9. Frá *Emil Jónssyni og Helga Jónassyni*.  
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:  
Að greiða Guðmundi Thoroddsen prófessor viðbótareftirlaun, er nemi mis-  
mun á núverandi eftirlaunum hans og fullum prófessorslaunum.
10. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Ingólfi Jónssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni, Helga Jónassyni og Jóni Gíslasyni*.  
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:  
Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær  
landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarþú.